

Horfum til framtíðar

Í haust birtust fréttir frá mörgum sveitarfélögum þess efnis að hafin væri vinna við að útbúa ferla og skipulag til að mæta erfiðleikum foreldra svo bág staða fjölskyldna hafi ekki áhrif á skóla- og íþróttastarf barnanna og mikilvægi þess að huga að velferð barna og unglinga á þessum tímum. Eitthvað virðast menn nú hafa sofnað á verðinum þar sem nú er hagrætt í skólastarfi með því að fjölga í bekkjum og fækka starfsfólki. Hugsanlega kann að vera að einhvers staðar megi hagræða með þeim hætti en álagið á starfsfólk skólanna var mikið fyrir og gera má ráð fyrir miklu álagi þetta skólaárið– sú staðreynd blasir við okkur. Þess vegna er mikilvægt að sveitarfélögin hugsi sig tvisvar um og horfi til framtíðar áður en ráðist er í slíkar aðgerðir. Afleiðingarnar geta vissulega orðið afdrifaríkar. Þá er frumskilyrði að foreldrar séu upplýstir og hafðir með í ráðum frá byrjun breytingaferlisins þegar kemur að svona veigamiklum ákvörðunum eins og niðurskurði í skólastarfi.

Við leggjum áherslu á að haft sé samráð við foreldrafélög grunnskólanna svo ekki sé minnst á skólaráðin, sem samkvæmt nýjum grunnskólalögum, ættu að vera starfandi í öllum grunnskólum landsins. Markmiðið með aukinni þátttöku hagsmunaaðila er fyrst og fremst að kalla fram væntingar þeirra og skapa vettvang til umræðna í upphafi mótunarferlis ákvarðana. Ekki að skapa vettvang þar sem ákvarðanir eru tilkynntar. Þegar samstarf er öflugt eru foreldrar einnig tilbúnari til að koma að skólastarfinu með margvíslegum hætti. Slík samvinna heimila og skóla leiðir til skjótari úrlausnar mála og öflugra skólastarfs..

Heimili og skóli – landssamtök foreldra leituðu eftir rödd foreldra í maí síðastliðnum með því að leggja fyrir könnun þar sem foreldrar voru m.a. spurðir hvaða málefni þeir telji brýnast að Heimili og skóli standi vörð um. Tæplega þrjú þúsund einstaklingar svöruðu. Greinilegt er af niðurstöðum könnunarinnar að það er mikill skilningur hjá foreldrum á erfiðum aðstæðum í samfélaginu og margir tóku fram að foreldrar gætu stutt betur við skólann með margvíslegum hætti enda gert ráð fyrir aukinni þátttöku foreldra í skólastarfi í nýjum lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla. En þrátt fyrir mikinn skilning var áberandi hve þeir sem þátt tóku í könnuninni lögðu mikla áherslu á að stoðþjónusta við nemendur yrði ekki skert; námsráðgjöf, sálfræðiþjónusta, sérkennsla og margir nefndu mikilvægi starfa stuðningsfulltrúa og skólaliða. Í fyrsta lagi var áherslan áberandi á stoðþjónustuna en mjög margir tóku það fram að ekki væri ráðlegt að hafa bekkjardeildirnar of fjölmennar. Fjölmargir nefndu líka að það skipti

sköpum varðandi gæði kennslunnar að hafa menntaða kennara. Hér á eftir fer örstutt samantekt úr niðurstöðunum:

Algeng svör:

1. Standa vörð um toðþjónustu við nemendur: námsráðgjöf, sálfræðiþjónustu, sérkennslu og starf stuðningsfulltrúa. Agavandamál nemenda stafa oft af því að nemendur fá ekki verkefni við hæfi þannig að mjög mikilvægt er að skólinn komi til móts við þarfir og getu hvers nemanda. Til þess þarf að skapa kennurum svigrúm sem byggir m.a. á því að bekkjardeildir séu ekki of fjölmennar og að börnum sem greind eru með námerfiðleika eða hegðunarvandamál fylgi markviss stuðningur. Gera verður ráð fyrir auknu álagi á börnin vegna efnahagsástands, fjölskylduaðstæðna ofl. Því má vænta enn meiri óróleika í skólastofum og því enn meiri þörf á stuðningskennslu.
2. Alls ekki að sleppa vettvangsferðum – foreldrar eru tilbúnir til að taka meiri þátt í þeim t.d. með fjáröflunum. Foreldrar líta á vettvangsferðir og ferðir í skólabúðir sem mikilvægan hluta af námi og félagsþroska nemenda.
3. Huga þarf vel að líðan nemenda með því t.d. að taka á eineltismálum og gæta vel að hverjum og einum en til þess þarf að skapa kennurum svigrúm sem byggir m.a. á því að bekkjardeildir séu ekki of fjölmennar. Barni sem líður ekki vel er síður móttækilegt fyrir námi og því sem skólinn hefur fram að færa.

Björk Einisdóttir

Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla